

# Félag eldri borgara á Akureyri

## Stjórnarfundur EBAK 27. febr. 2018

### 11. fundargerð.

**Mættir:** Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og varamennirnir Kolbrún Kristjánsdóttir, Garðar Lárusson og Egill Jónsson.

Fjarverandi: Margrét Pétursdóttir ritari og Jón Aðalsteinn Baldvinsson.

1. Formaður setti 11. stjórnarfund EBAK 2017-2018 kl. 13:00.
2. Störf uppstillinganefndar. Kolbeinn Sigurbjörnsson, Baldur Þorsteinsson og Hugrún Hólmsteinsdóttir mættu á fundinn fyrir hönd uppstillinganefndar. Kolbeinn gerði grein fyrir vali fulltrúa í stjórn og nefndir félagsins fyrir næsta starfsár. Nokkur umræða varð um listann og létu stjórnarmenn í ljós ánægju með störf nefndarinnar. Uppstillingalistinn verður hengdur upp í Bugðusíðu og Víðilundi við fyrsta tækifæri og birtur á heimasíðu félagsins. Uppstillinganefndin yfirgaf fundinn um kl. 13:30.
3. Lagfærð fundargerð stjórnar no. 9 frá 16. janúar var lögð fram en afgreiðslu frestað.
4. Dagbók á skrifstofu yfirfarin og rædd. Mikið var að gera síðasta miðvikudag. Þrír gengu í félagið, nokkrir sögðu sig úr því og einnig var spurt um árgjaldið.
5. Upplýsingar um verkefni og fleira milli stjórnarfunda.
  - a) Heimsókn stjórnar EBAK og fulltrúa félagsins í öldungaráði Ak á Öldrunarheimilin Hlíð og Lögmanshlíð 20. febr. sl. 5 einstaklingar úr stjórninni mættu á Hlíð og 2 í Lögmanshlíð. Þeim þótti heimsóknin fróðleg, einkum varðandi velferðartækni. Örstutt skoðunarferð var farin á báðum stöðum.
  - b) Skil á ársskýrslu til LEB fyrir 2017. Ritari er búin að skila skýrslunni.
6. Gjaldkeri sagði frá mistökum við innheimtu árgjalda, en seðilgjöld voru 300 kr. of há hjá sumum félögum. Þeir eru beðnir að greiða aukagjaldið að þessu sinni, en sleppa við seðilgjaldið á næsta ári. Þeir félagar sem eru með heimabanka en láta ekki vita af því, greiða 300 kr. seðilgjald. Auglýsing frá stjórn EBAK varðandi ofangreind mistök birtist í Dagskránni á morgun miðvikudaginn 28. febr. þar sem félagsmenn eru beðnir velvirðingar á þessu. Umræður urðu um ársreikning félagsins 2017 og þess óskað að skýringar við einstaka liði yrðu tilbúnar fyrir næsta fund.
7. Benedikt Sigurðsson framkvæmdastjóri Búfesti mætti á fundinn og ræddi um viljayfirlýsingu sem gerð hefur verið við Akureyrarbæ og inniheldur vilyrði um úthlutun lóða fyrir Búfesti á næstu árum, samvinnu aðila um þróun deiliskipulags og fleira. Þrjú svæði eru einkum í umræðunni, Holtahverfi 3 austan Krossanesbrautar, Vestursíða nálægt Öldrunarheimilinu Lögmanshlíð og Naustir 3. Fyrstnefnda svæðið mun vera komið lengst í skipulagsferli. Benedikt dreifði nokkrum teikningum, sem hugsanlega kæmi til greina að byggja eftir, en einkum er horft til sænskra húsa frá Mjöbacks. Mögulegt ætti að vera að hús verði risin innan 10 mánaða frá pöntun. Rætt var um mismunandi þarfir eldri borgara.
8. Aðalfundur EBAK 26. mars. nk.
  - a) Kosning í öldungaráð þarf að fara fram í síðasta lagi á aðalfundi samkvæmt lögum EBAK. Farið var yfir þær greinar í lögum sem fjalla um kosninguna og ræddar hugmyndir um hvernig velja eigi fólk í ráðið. Ákveðið var að Halldór og Hallgrímur tækju að sér að setja ¼ auglýsingu í næstu Dagskrá til að óska eftir áhugasömum einstaklingum til setu í ráðinu, taka á móti svörum þeirra og svara fyrirspurnum.
  - b) Ásgerður Snorradóttir og Baldur Guðvinsson voru tilnefnd sem skoðunarmenn reikninga EBAK.
  - c) Tillaga um 2 fulltrúa í uppstillinganefnd. (frestað)
  - d) Skýrslugerð stjórnar og nefnda vegna aðalfundar 2018 (frestað),

e) Lagabreytingar, búið var að dreifa þeim og fjalla um þær.

f) Tímasetningar í lögum varðandi framlagningu gagna í félagsmiðstöðvunum og á heimasíðu félagsins fyrir aðalfund voru ræddar. Þar er átt við uppstillingalista, tillögur að lagabreytingum, reikninga ársins 2017 og fleiri gögn.

9. Aukafundur LEB 24. apríl 2018. Lagabreytingar. (frestað)
10. Húsrými félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu. Ályktun aðalfundar 2018. (frestað)
11. Ný verkefni á vorönn frá hópavinnu á haustfundi. Aðeins minnst á væntanlegt dansnámskeið.
12. Opinn kynningarfundur EBAK og öldungaráðs Ak fyrir eða um miðjan maí. (frestað)
13. Næsti stjórnarfundur EBAK þriðjudaginn 13. mars nk. kl. 13:00.
14. Viðvera á skrifstofu. 28. febrúar Halldór; 7. mars Haukur.
15. Önnur mál: Halldór kynnti tölvupóst frá Símei um starfslokánámskeið fyrir félagi í Einingu-Iðju 25. apríl nk. Óskað var eftir kynningu á EBAK kl. 18:15-18:45.

Fundi slitið kl. 15:45.

Hallgrímur Gíslason.